

Geðhjálpar ályktar:

Veruleg útgjaldaaukning hjá sjúklingum

ÁLYKTUN Stjórn Geðhjálpar mótmælir harðlega reglugerðum um lækkun greiðslna almannatrygginga í lyfjakostnaði og lækniþjónustu sem tóku gildi um áramót. Slík lækkun veldur verulegri útgjaldaaukningu hjá stórum hópi sjúklinga. Með reglugerðinni hækkar hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði um 9-11%. Hlutdeild sjúklings hefur því vaxið úr 30% í 55-60% frá árinu 1996. Slík hækkun leiðir óhjákvæmilega af sér frekari skerðingu hjá þeim tekjulægstu í samfélaginu, þ.e. öryrkjum. Geðhjálpar segir heilbrigðisráðherra ábyrgan fyrir þessari stefnu og segir hana vera ófuga við þá þróun stefnu um að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu. ■